

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn í Mosfellssbæ

miðvikudaginn 3. janúar 2001, kl. 10.00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson, Össur Geirsson og Þorleikur Jóhannesson

- 1. Lúðrasveit Æskunnar.** Rætt um umsóknir í LÆ og þær skoðaðar. Fáar umsóknir bárust frá Reykjavík en að öðru leyti voru flestar umsóknir frá nágrenni höfuðborgarinnar. Einungis tæplega 70 umsóknir bárust og er dreifing þeirra nokkuð jöfn þó trompetumsóknirnar séu samkvæmt venju langflestar og skortur er á klarinettum. Skiptingin var annars þessi:

7	flautur	0	óbó
2	fagott	8-9	klarinet
2-3	bassaklarinet	1	altósax
0	tenorsax	1	baritónsax
17	trompetar	8	horn
8	básúnur	2	baritónhorn
3	túbur	6	slagverk

Ákveðið að hafa profuspil í Hafnarfirði dagana 13. – 14. janúar fyrir þá sem búa á Reykjanesi og í nágrenni höfuðborgarinnar og 21. –22. janúar fyrir aðra.

Rætt um íslenskt efni fyrir sveitina. Ákveðið að nota Á Sprengisandi og Suðurnesjamenn í útsetningu Páls P. Pálssonar, Sögur af sæbjúgum eftir Össur Geirsson og Sofðu unga ástin mín í útsetningu Einars Jónssonar.

- 2. Nótnaútgáfan.** Nokkuð hefur borið á því að póströfusendingarnar eru ekki leystar út. Ákveðið að taka fyrirkomulag nótnaútgáfunnar sérstaklega fyrir á landsmótinu í vor. Ákveðið að senda útsetningu Páls P. Pálssonar af Suðurnesjamönnum frítt með næsta pakka. Einnig munum við senda út frítt endurgerðar prentanir á lögnum Braggablús og Hólasyrpu þegar þátttökugjald SÍSL hefur verið greitt, en rúkkun árgjaldsins fer bráðlega í póst.
- 3. Fundur með menntamálaráðherra.** Birgir gerði grein fyrir fundi sínum með menntamálaráðherra frá 6. des sl. Sagði ráðherra hafa tekið vel í málið og gefið í skyn að hann myndi styrkja samtökin vegna þessa verkefnis. Birgir sendi í framhaldi af fundinum inn formlega beiðni um fjárstuðning vegna hingaðkomu Björns Sagstad.

4. **Heimasíða.** Í framhaldi af óformlegum viðræðum stjórnarmanna var ákveðið að fela Stefáni Ómari að kanna heimasíðugerð fyrir samtökin. Athuga þarf með kostnað og uppsetningu síðunnar.
5. **Félagaskrá.** Þar sem ýmis smærri byggðarlög hafa hætt rekstir lúðrasveita og jafnvel lagt niður tónlistarskólana hefur fækkað í samtökunum. Fara á yfir félagskrána fyrir næsta fund og taka málið fyrir þá.
6. **Næstu fundir.** Settir niður fundir fram á vorið:
 - 31. janúar í Hafnarfirði
 - 28. febrúar í Kópavogi
 - 28. mars í Mosfellsbæ
 - 25. apríl í Hafnarfirði

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 12,00

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn að Urðarstíg 10

miðvikudaginn 17. janúar 2001, kl. 10.00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson, Össur Geirsson og Karen Sturlaugsson.

- 1. Póstur.** Erlingur Kristjánsson sendir SÍSL ýmis gögn vegna ungmennastarfs. Yfirstjórn íþrótt- og æskulýsmála sendir upplýsingar um UFE, “Ungt Fólk í Evrópu”, sem er samstarfsverkefni með ESB og lista yfir íslensk æskulýðssamtök.
- 2. Hljómsveitakeppni.** Raddskrá verksins “CREED” skoðuð og ákveðið að nota verkið í hljómsveitakeppninni sem haldin verður í vor. Samþykkt að biðja Andrés í Tónastöðinni að panta inn nokkur eintök. Þetta er tónverk sem Björn Sagstad mælti með að notað yrði og er ekki of erfitt, (Grade 2 ½). Flestar B-sveitir ættu að ráða við að spila verkið og ætti það því að vera auðlært fyrir C og D sveitir. Allar hljómsveitir leika einnig eitt lag að eigin vali í keppninni.
- 3. Lúðrasveit Æskunnar.** Samþykkt að klára prufuspilin í Kópavogi þann 25. janúar. Þá koma 3 frá Vík í Mýrdal, 1 frá Selfossi og 1 frá Reykjanesbæ. Vandræði með trompetana vegna fjölda umsókna og góðrar frammistöðu þeirra sem spiluðu. Þetta er afgerandi lengst komni hópurinn. Aðrar umsóknir gengu nokkuð vel upp. Rætt um framkvæmd prófanna. Í ljós kom að margir krakkarnir völdu sér ekki verkefni við hæfi til að spila. Sumir voru nánast óundirbúnir, aðrir með allt of erfið verkefni, eða allt of létt o.s.fr. Betra væri að senda út prufuspilsverkefni næst og samþykkt að stefna að því að gera það svo. Einnig þarf að marka tónstigakröfurnar betur. Farið var yfir niðurstöður prufuspilsins og skráð hverjir komust að. Þorleikur sendir út tilkynningar þegar öllum prufuspilum er lokið.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 11,30

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs
Þriðjudaginn 23. janúar 2001, kl. 9.30

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Össur Geirsson og Karen Sturlaugsson.

- 1. Landsmót.** Tímasetning landsmóts var til umræðu þar sem einhverjir stjórnendur höfðu lýst yfir áhyggjum vegna ferminga á hvítasunnudag. Einnig hefur seinkun á starfsemi framhaldsskólanna haft sitt að segja. Mótshaldarar ætla að hringa í allar sveitir og heyra hvernig staðan er áður en endanleg ákvörðun verður tekin um mótstímann. Ekki er hægt að færa mótið fram um eina helgi þar sem skólar eru þá í fullum gangi. Mögulegt er að færa mótið fram um einn dag og byrja á fimmtudegi, en þá skarast það við útskriftir í grunnskólum. Þriðji möguleikinn er að halda mótið í haust.
- 2. Lúðrasveit Æskunnar.** Kjartan Óskarsson hefur tekið að sér að stjórna LÆ fyrstu æfingahelgina, 3. – 4. mars. Hann vill byrja á föstudagskvöldinu og var samþykkt að hafa það svo. Hann er reyndar upptekinn frá kl. 13,00 á laugardeginum og var ákveðið að leysa seinnipart laugardags með raddæfingum og samæfingum sem við munum sjálf sjá um. Kári kemur með möppur sveitarinnar og nótur sem hún á. Þorleikur sér um að fjölfalda raddir og dreifa möppum á fyrstu æfingu. Verk Páls er í vinnslu og verður tilbúið fyrir fyrstu æfingu. Erlendu verkin eru að detta inn og verða væntanlega langflest komin fyrir helgi. Enn er skortur á hljóðfæraleikum, þar sem okkur vantar bæði óbó og klarinett. ýmsar ráðstafanir ræddar til að leysa úr því. Nauðsynlegt að klára prufuspilin í dag og senda út svör til hljóðfæraleikaranna.
- 3. Prufuspil.** Nokkrir nemendur teknir í prufuspil fyrir LÆ.
- 4. Trompetnámskeið.** Þar sem svo margir góðir trompetleikarar sóttu um að komast í LÆ var rætt um að halda sérstakt námskeið fyrir þá. Samþykkt að ræða við Eirík Örn Pálsson og Ásgeir H. Steingrímsson vegna þess.

Fundi slitið kl. 11,40

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs
miðvikudaginn 31. janúar 2001, kl. 10.00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson, Össur Geirsson, Þorleikur Jóhannesson og Karen Sturlaugsson.

- 1. Lúðrasveit Æskunnar.** Farið var yfir allar umsóknir í LÆ. Margir hljóðfærahópar lágu beint fyrir en flóknara að greiða úr umsóknum annarra hópa. Búið er að auka við klarinettin og sveitin lítur nokkuð vel út nema hvað varðar óbóin.
- 2. Tímasetningar æfingahelgar.** Rætt um tímasetningar fyrir æfingahelgina. Ákveðið að vera á föstudegi frá 19,00 – 22,00, laugardag frá 9,30 til 17,00 og sunnudag frá 9,30 til 13,00. Hafnarfjarðarbær mun bjóða upp á kjúklingabita í hádeginu á laugardeginum. Verkaskipting hvað varðar stjórnun á æfingum og raddæfingum rædd.
- 3. Húsnæði.** Æfingahúsnæðið í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar er tilbúið og smávandkvæði vegna árekssturs við aðrar æfingar hafa verið leyst. Allt er því til reiðu fyrir fyrstu æfingahelgi LÆ, dagana 2. til 4. febrúar.

Fundi slitið kl. 11,30

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn í Reykjanesbæ

miðvikudaginn 7. febrúar 2001, kl. 9.00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson, Össur Geirsson, Karen Sturlaugsson og Haraldur Árni Haraldsson.

1. **Tímasetning.** Rætt um tímasetningar landsmótsins. Búið að hringja í nánast alla stjórnendur landsins og fá álit þeirra. Möguleikarnir eru.

1. – 3. júní

31. maí - 2. júní

Haustmót.

Feringar á Hvítasunnu setja strik í reikninginn hjá sumum. Útskriftir grunnskóla og tónleikar Christian Lindberg þann 31. maí setja strik í reikninginn hjá öðrum. Skoðanir stjórnenda og viðhorf eru á ýmsa vegu og ólík. Sumir vilja alls ekki haustmót aðrir alls ekki í vor. Þetta rætt fram og til baka og ákveðið að halda áður ákveðinni tímasetningu það er frá föstudegi 1. júní til sunnudags 3. júní. Samþykkt að athuga möguleika á því að feringar börn geti komist til síns heima á laugardeginum.

2. **Framhaldið.** Næst liggur fyrir að gera þátttökutilkynningar og senda þær út. Setja svarfrest til 15. mars. Rætt um sameiginleg lög sem notuð yrðu á landsmótinu. Ýmsir kostir eru í þeirri stöðu: Þytur, Fyrsti kossinn, Óskasteinar, Prumpulagið, Suðurnesjamenn (2 útsetningar), Marsbúa Chacha og fleira. Mótshöldurum falið að taka endanlega ákvörðun um sameiginleg lög. Rætt um fyrirkomulag keppinnar og hvenær henni verði fyrir komið. Rætt um fyrirkomulag LÆ á mótinu og tónleikana. Rætt vítt og breitt um landsmótið og framkvæmd þess.

Fundi slitið kl. 10,45

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn í Varmárskóla
miðvikudaginn 4. apríl, kl. 9.00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson.

1. **Peningamál.** Birgir tilkynnti um 75,000 króna styrk frá Menntamálaráðuneytinu vegna LÆ og komu Björns Sagstads í vor. Búið er að greiða Páli Pampichler fyrir Suite Arktica II og Birni Sagstad fyrir æfingahelgina í mars. Eftir er að gera upp gistingu Björns, hluta fæðis hans og útsetningarvinnu síðustu útsetninga. Rætt um að athuga gagnvart Páli Pampichler hvort við getum selt Suite Arktica II innan SÍSL og SÍL og hvort kynna megi verkið á hinum norðurlöndunum, t.d. í gegn um NoMU (sem áður hét NAMU). Björn Sagstad vill gjarnan kynna það verk og Sögur af Sæbjúgum í Noregi sem hugsanleg keppnisstykki þar. Stjórninn finnst eðlilegt að selja Suite Arktica II á 6,000 krónur, enda verði það ekki sent út til félagsmanna með kaupkvöð. Gíróseðlar vegna félagsgjalda eru ekki farnir út og er það vegna tregðu í viðskiptabanka okkar og misskilnings hjá nýjum þjónustufulltrúa sem átti að sjá um að senda þá út. Þeir komast þó vonandi af stað innan tíðar.

Tónastöðin ætlar að styrkja LÆ verkefnið og kaupin á Suite Arktica. Birgir mun ræða við Andrés Helgason í Tónastöðinni um það hvernig gengið verður frá þeim stuðningi. Rætt var um kostnað sem stjórnarmenn bera af fundum og af annarri vinnu vegna samtakanna. Samþykkt að greiða stjórnarmönnum kr. 15,000 hverjum vegna slíks kostnaðar undanfarin 4 ár. Mennta gera sér fulla grein fyrir því að með því að bjóða sig fram í stjórnarsetu eru menn að bjóða fram vinnu sína og tíma án endurgjalds en rétt þykir að greiða fyrir þann kostnað sem til fellur.

2. **LÆ og Björn Sagstad.** Rætt um greiðslur til þeirra kennara sem boðaðir voru til að sjá um raddæfingar og inntökupróf vegna LÆ. Ákveðið að greiða fyrir viðvikið en ákvörðun um upphæð frestað. Fjallað um gistingu og gætuþing fyrir Björn í vor. Kennarasambandið hefur boðið fram gistingu á Sóleyjargötunni í Rvk. fyrir kr. 13,000 og mun Birgir fara og skoða það. Rætt um tímasetningar LÆ æfinga og vinnu Björns. Hugsanlegt að byrja á mánudeginum 28. maí, t.d. með raddæfingum og stjórnandanámskeiði. Birgir ætlar að athuga með flugtíma og farmiðapantanir hjá Jóni Karli í Úrval-Útsýn. Athuga þarf síðan með gistingu fyrir Björn í Reykjanesbæ. Það verði gert í samráði við mótshaldara.
3. **Trompetsamspil.** Eiríkur Örn Pálsson hefur tekið að sér að stjórna trompetsamspilinu okkar. Birgir segir Eirík áhugasaman og jákvæðan gagnvart verkefninu og útlit fyrir spennandi æfingar. Fyrstu æfingar verða föstudaginn 6. og laugardaginn 7. apríl næstkomandi í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Æfingarnar

verða settar upp sem nokkurskonar námskeið/masterclass, með spjalli um hljóðfærið og tækni í bland við æfingarnar. Ýmis verk tilbúin fyrir hópinn.

4. Aðsent efni.

- Norræna Æskulýðsnefndin. Menntamálaráðuneytið sendir upplýsingar um styrkveitingar norrænu æskulýðsnefndarinnar til samvinnu, sem barna- og ungmennasamtök og sjálfstæðir barna- og ungmennahópar á Norðurlöndum inna af hendi. Nánari upplýsingar má fá á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar www.norden.org
- Musikant. Blað Sveriges Orkesterförbund.

5. **Landsmótið.** Samkvæmt upplýsingum frá mótshöldurum lítur út fyrir góða þátttöku á mótinu. Þátttökutilkynningar hafa borist frá sveitum sem ekki hafa komið á síðustu mót og margir hafa skráð sig til þátttöku í keppninni. Drög að dagskrá liggja fyrir og ljóst að mikið verður um að vera í Reykjanesbæ þessa daga. Lögin sem hljómsveitirnar spila sameiginlega verða þessi:

a. A/B sveitir:

- Siggí var úti úts. ÖG
- Ég negli og saga úts. MH
- Öxar við ána úts. MH
- Prumpulagið úts. IGE
- Óskasteinar úts. DM

b. C/D sveitir

- Suðurnesjamenn úts. PPP
- Fyrsti kossinn úts. DM
- Þytur PPP
- Íþróttamarsinn úts. EK

Síðan er hugmyndin sú að í lokin leiki allar sveitir (A-B-C og D) saman tvö lög:

- Marsbúa Cha Cha úts. ÖG
- Suðurnesjamenn úts. HHÁ

Rætt var um að ræða við Herbert H. Ágústsson og athuga hvort hann vildi stjórna lokalagi mótsins sem er í útsetningu hans.

6. **Næsta landsmót.** Ian Wilkinson í Ólafsvík hefur haft samband við stjórn SÍSL og lýst yfir áhuga á að halda mótið árið 2003. Akureyri hafði lýst yfir áhuga á að halda sama mót á aðalfundi SÍSL 1995. Birgir ætlar að athuga nánar með Snæfellsbæ og hafa samband við Ian eða Jóhann skólastjóra tónlistarskólans.
7. **Aðalfundur.** Rætt var um hvort stjórnarmenn hefðu hug á að bjóða sig fram til áframhaldandi starfi í stjórn og er ljóst að allir munum við tilbúnir að gefa kost á okkur áfram. Stjórnin telur að gott starf hafi verið unnið síðustu ár, og má þar nefna samstarfið við NAMU, Nordisk Amatör Musikunion sem nú heitir reyndar Nordisk Musikunion skammstafað NoMU, fjármögnun og kaup á nýju tónverki Suite Arktica II eftir Pál Pampichler Pálsson, starf Lúðrasveitar Æskunnar, fyrsta hljómsveitarkeppni SÍSL, stjórnunarnámskeið og samstarf við Björn Sagstad um stjórnun LÆ, dæmingu í hljómsveitarkeppninni og kennslu á stjórnunarnámskeiðinu. Nótnaútgáfan hefur verið með svipuðu sniði og áður, en ljóst að farið verður inn á nýjar brautir í því efni. Stefna verður á meira byrjendaefni og útsetningar með sveigjanlegri raddskipan.
8. **Gróusögur og baktal.** Að loknum fundarstörfum sátum við og spjölluðum um heima og geima en að kalla þetta gróusögur og baktal eru að sjálfsögðu hrein öfugmæli. M.a. ræddum við um stórgóða tónleika Skólalúðrasveitar Tónlistarskóla Seltjarnarness með afrískri tónlist og jafnfrábæra tónleika Lúðrasveitar Reykjavíkur með stórsöngvurunum Agli Ólafssyni, Margréti Eir, Andreu Gylfa og Guðbirmi Guðbjörnssyni. Sömmuleiðis rætt um heimasíðugerð fyrir samtökin og sitthvað annað smálegt.

Ekki fleira gert og fundi slitið klukkan 11,15.

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn að Urðarstíg 10

miðvikudaginn 28. febrúar 2001, kl. 8.30

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson, Össur Geirsson og Karen Sturlaugsson.

1. **Aðsent efni.** Ýmist efni sem sent hefur verið til samtakanna skoðað.
 - **Frá lista og safnadeild Menntamálaráðuneytis.** Kynningarbæklingur vegna Aberdeen International Youth Festival. (Sjá einnig í fundargerð frá 22.11.2000.)
 - **DAO,** blað dönsku lúðrasveitasamtakanna
 - **AFS-blaðið** Nafnleysa
 - **Bréf frá Páli Pampichler** um tölvuvinnslu á Suite Arktica og fagott og bassaklarinettt raddir fyrir það verk.
2. **Æfingahelgin.** Rætt um fyrirkomulag raddæfinga og hvort þær verði yfir höfuð haldnar. Rætt um vigjörning við Björn Sagstad. Sérstök atriði skipulögð eins og það hver sækir Björn og hvenær. Rætt um efnisval og fjölföldun á því nýja efni sem Björn mun koma með með sér. Rætt um möguleika á tónleikum eða opinni æfingu á sunnudeginum. Fallið frá því vegna tímaskorts og þess að flytja hefði þurft allt hafurtaskið í annað húsnæði. Rætt um æfingaplan fyrir helgina og að fá álit Björns á því. Þorleikur sér um að boða krakkana og að senda út fréttatilkynningar.
3. **Trompetsamspil.** Birgir ætlar að gang frá tímasetningum æfinga í samráði við Eirik Örn Pálsson, sem hefur tekið verkefnið að sér.
4. **Horn-nótur.** Rætt um möguleika á nótum fyrir horn-sólo með Lúðrasveit Æskunnar. Karen ætlar að tala við Helga Svavarsson skólastjóra á Akureyri um efni, sem hugsanlega næðist fyrir helgi.

Hér þurfti ritari að rjúka af fundi, en það sem gerðist eftir það á fundinum var mest spjall almenns eðlis um æfingahelgina og Lúðrasveit Æskunnar.

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs miðvikudaginn 9. maí 2001, kl. 9.00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson, Karen Sturlaugsson og Haraldur Árni Haraldsson frá Reykjanesbæ og Jóhann Þór Baldursson frá Snæfellsbæ

1. **Landsmót í Reykjanesbæ.** Komið hafa fram ákveðin vandræði vegna gistingar í grunnskólum vegna ræstingavinnu og vinnuskyldu kennara sem fellur á þessa daga. Þó er búið að ráða bót á þessum vanda í Holtaskóla en róðurinn er þyngri í Myllubakkaskóla. Skólarnir hafa ekki verið tilbúnir að rýma stofur til gistingar þar sem ráðgerð er vinna á 2. júní. Athugað verður með fjölbrautarskólann um 2 stofur til gistingar og einnig verða aðrar leiðir reyndar til lausnar á þessum vanda.

Farið var yfir þátttökutilkynningar, skráningu á stjórnendanámskeiðið og í keppnina. Mótshaldarar áætla að um 700 nemendur komi á mótið.

Farið yfir dagskrá mótsins sem enn er að taka ákveðnum breytingum. Keppnin verður haldin í íþróttahúsinu. Hver sveit spilar tvö verk, annarsvegar CREED og síðan eitt lag að eigin vali. Hver sveit fær 25 mínútur til umráða, 10 mínútur til að koma sér fyrir og 15 mínútur í tónlist. Af því má ráða að lengd verksins sem sveitin velur sjálf sé um 5 – 8 mínútur. Mikilvægt er að áhorfendur séu hljóðlátir og hagi sér vel. Koma verður í veg fyrir allt ráp og skvaldur. Hljómsveitirnar bera ábyrgð á sínu fólki og ólátabelgjum veður hiklaust hent út. Keppnisgjald er kr. 5,000 á sveit fyrir þær sveitir sem taka þátt í keppninni

Því miður hefur reynst of dýrt að fara með hópana í Go-kart og Bláa lónið eins og upphaflega var rætt um að reyna. Einnig eru kröfur um fjölda fararstjóra í Bláa lónið þannig að erfitt verður fyrir okkur að verða við þeim. Hins vegar getur hver sveit fyrir sig pantað og greitt fyrir sig sjálf ef áhugi er fyrir hendi að nýta sér eitthvað af því sem Reykjanesbær hefur upp á að bjóða. Einnig varð að falla frá fyrirhugaðri bíósýningu þar sem það reyndist of dýrt og auk þess líklegt að myndin sem sýnd verður þessa helgi sé bönnuð innan 16.

Breytingar á dagskrá. Búið er að færa C/D tónleikana af sunnudegi yfir á laugardag og tónleika LÆ fram til kl. 11,00 á sunnudeginum. Miðað er við að mótsslit sé um kl. 15:45. Á fundinum varð mikil umræða um möguleika á leikjum og öðru á sunnudagsmorgninum. Mótshaldarar eru að leggja lokahönd á dagskrána og senda hana út til félagsmanna innan skamms.

Mótsgjald. Rætt um mótsgjald og niðurstaðan sú að hafa það 6,000 krónur. Miðað skal við 1 fararstjóra fyrir hverja 10 nemendur.. Hver sveit fær 10 mínútur samtals á tónleikunum, sem þýðir u.þ.b. 7-8 mínútur af tónlist miðaða við 2 – 3 mínútur í lófatak og aðrar tilfæringar á milli laga. Menn eru beðnir að virða þessi tímamörk eins og unnt er.

2. **Snæfellsbær.** Jóhann ræddi hugmyndir sem fram hafa komið um að halda næsta landsmót í Snæfellsbæ. Heimamenn höfðu sótt munnlega um að halda mótið en formlegt bréf hafði ekki borist og staðan því óljós. Jóhann var með formlegt bréf frá bæjarstjórn þar sem húsnæði og aðstaða í bænum var boðin fram, en vegna óvissu um framtíð lúðrasveitarinnar og þar sem ekki er vitað hver verður framtíðarstjórnandi hennar taldi hann réttast að draga boðið til baka að svo komnu máli en lýsti jafnframt yfir áhuga á að halda mótið árið 2005 ef aðstæður leyfðu. Stjórn SÍSL þakkar Jóhanni, Ian Wilkinson og öðrum frá Snæfellsbæ boðið og hefur fullan skilning á þeirra aðstöðu. Í framhaldi af þessu var ákveðið að Birgir talaði við Helga Svavarsson skólastjóra Tónlistarskólans á Akureyri um að halda næsta landsmót enda lá fyrir umsókn um það frá landsmótinu 1995.

Að svo búnu yfirlit Haraldr, Karen og Jóhann fundinn.

3. **Stjórnendanámskeið.** Nú þegar eru nokkrir búnir að skrá sig á námskeiðið. Stjórnin ætlar að hringja í félagsmenn og athuga nánar með þátttökuna.

4. **Lúðrasveit Æskunnar.** Tala þarf við Björn um að festa prógrammið. Búið er að borga farseðlana og ganga frá þeim á allan hátt. Helena hjá Úrval-Útsýn kemur farseðlunum til Björns.

5. **Trompetsamspilið.** Athuga með föstudag 18. og laugardag 19. maí fyrir næstu æfingar. Birgir verður í sambandi við Eirík Örn Pálsson um dagsetningar og tímasetningar æfinga.

6. **Dagskrá aðalfundar.** Ákveðið að senda út dagskrá aðalfundar með næstu fundargerð.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl. 11,30

Össur Geirsson

ritari

Aðalfundur SÍSL 2001.

Haldinn Reykjanesbæ þann 2. júní 2001, kl. 20,00

Fundarstjóri Skarphéðinn H. Einarsson.

- Skýrsla stjórnar.** Birgir D. Sveinsson formaður SÍSL flutti skýrslu stjórnar.
 - Sagði frá stjórnarfundum síðasta tímabils sem haldnir hafa verið reglubundið og tæpti á fræðslugildi fundargerðanna fyrir félagsmenn. Margir fundanna með Karen og Haraldí Árna vegna landsmótsins og Karen sérstaklega vegna lúðrasveitar Æskunnar. Sagði frá fundum með nemendum blásarakennaradeildar í Tónlistarskólanum í reykjavík en þeirra mál voru mikið rædd, m.a. á fundi með Kjartani Óskarssyni yfirmanni BLKD og Einari Jónssyni umsjónarmanni deildarinnar. Einhverjar umbætur munu hafa náðst fram í framhaldi af þeim fundum og fór Birgir með fyrirlestur í tíma hjá BLKD þar sem hann kynnti m.a. starfsemi SÍSL, nótnaútgáfuna o.fl. Keyptar voru útsetningar af nemendum BLKD og vilji stjórnar SÍSL að því verði haldið áfram.
 - NoMU. Samstarfið við NoMU hefur verið SÍSL gagnlegt og t.d. kom Björn Sagstad stjórnandi LÆ í gegn um NoMU. Einnig fékkst styrkur frá NoMU fyrir för Skólahljómsveitar Grafarvogs til Bergen á síðasta ári. Fundarseta á NoMU fundum skiptist á milli SÍL og SÍSL, Össur fór á fund í Þrándheimi í nóvember og var send út greinargerð um þann fund til félagsmanna. Birgir fer síðan á fund til Danmerkur næsta haust. Þessi tveggja ára reynsa er mjög jákvæð og mælir stjórnin einróma með áframhaldandi samstarfi.
 - Samstarfið við SÍL hefur gengið vel. Hugað er að framtíðarnótnaútgáfu í sameiningu og benti Birgir á að Lúðrasveit Reykjavíkur hefði opnað nótnasafn sitt og gert mögulegt að gefa út útsetningu Páls P. Pálssonar á laginu “Suðurnesjamenn” eftir Sigvalda Kaldalóns.
 - Sagði frá Hans Dostal, formanni Austurrísk-íslenska félagsins í Vín og bréfi sem hann sendi með tilboði um að koma með sveit og fyrirlestur umausturríska lúðrasveitartónlist til Íslands á hverju ári.
 - Heimsókn Astrid Nökkelby og Ole-Christian Hansen síðasta sumar var okkur mikill fengur að og kynntu þau á stuttum fundi námsefni sem þau hafa búið til og hannað til að kenna mjög ungum hljóðfæraleikurum á básúnu (alt-básúnur) með hliðsjón af aðferðum Suzuki skólans.
 - Nótnaútgáfan. Samtökin eru komin að ákveðnum endapunkti í nótnaútgáfunni. Breyta þarf áherslum og gefa út meira af léttara efni sem gerir sig með fáum spilurum. Vantar líka frumsamið efni fyrir byrjendur. Ýmis tónskáld koma þar upp í hugann, Páll Pampichler, Tryggvi Baldvinsson, Össur Geirsson og Einar Jónsson. Benti Birgir í því sambandi á að hægt er að kaupa útsetningar Einars Jónssonar á netinu (www.scorchmusic.com), bitastætt efni sem þyrfti að koma á framfæri. Samtökin pöntuðu verk hjá Páli Pampichler fyrir Lúðrasveit Æskunnar eftir ákveðinni uppskrift sem var: 6-10 mínútna langt, byggt á íslenskri

þjóðlagahefð (taktskipti o.fl.) í þremur mishröðum köflum. Afraksturinn er magnað verk, Suite Arctica II. Páll hafði mikla ánægju af að semja það og það leiftrar af verkinu.

- Lúðrasveit Æskunnar. Karern og Kári tóku sér hvíld frá LÆ eftir langt og gott starf. Þorleikur Jóhannesson verkfræðingur og trompetleikari var fenginn sem framkvæmdarstjóri sveitarinnar í stað þeirra. Kjartan Óskarsson sá um foræfingar eina helgi og fyrir frumkvæði Kára og með stuðningi frá Úrval-Útsýn varð mögulegt að fá Björn Sagstad til landsins til að vinna með sveitinni seinni æfingahelgina. Birgir þakkaði Úrval-Útsýn sérstaklega fyrir að bjóða Birni til landsins og gera þessa góðu æfingahelgi þannig mögulega.
- Stjórnendanámskeið sem SÍSL stóð fyrir síðustu daga fyrir landsmót gekk vel og þátttakendur virtust mjög ánægðir. Leiðbeinandi var áðurnefndur Björn Sagstad.
- Nokkrir aðilar studdu SÍSL í því að fá Björn Sagstad til landsins og færði Birgir þeim þakkir stjórnar. Þessir aðilar eru:
 - Ferðaskrifstofan úrval-Útsýn
 - Tónastöðin
 - Menntamálaráðuneytið
 - Félag Tónlistarkennara
 - Tónlistarskólinn í Hafnarfirði og Hafnarfjarðarbær.
- Erfitt reyndist að keyra Lúðrasveit Æskunnar samhliða landsmóti en sveitin þarf og á að starfa áfram. Athuga þarf vel með fyrirkomulag til framtíðar.
- Landsmótið. Aðstæður, framkvæmd og skipulag með besta móti. Birgir þakkar mótshöldurum fyrir sérstaklega gott mót.
- Staðan í kennaramálum, laun þeirra og tilvistarkreppa kennaranámsins. Óljóst er og óráðið með kennaramenntun á næstu árum. SÍSL reyndi að fá Kjartan Óskarsson yfirmann BLKD til fundarins en því varð því miður ekki við komið.
- Heimasíða SÍSL er í undirbæuningu og verkið komið af stað. Stefán Ómar greindi frá höfundu síðunnar og stöðu þess máls, en vonir standa til að heimasíðan verði tilbúin á árinu.
- Birgir bauð Guðmund Norðdal sérstaklega velkominn á fundinn og minntist gamalla tíma. Sagði nýtt líf vera að færast í starfið á Ísafirði og Bolungarvík með samstarfi Guðmundar og Tómasar Guðna Eggertssonar.
- Næsta mót. Til stóð að Snæfelssbær héldi næsta mót en því miður féll það niður vegna breyttra aðstæðna. Því var borið undir Helga Svavarsson skólastjóra Tónlistarskólans á Akureyri hvort Akureyringar væru tilbúnir að halda næsta mót, samanber boð þeirra frá landsmótinu á Norðfirði 1995. Hjálmar Sigurbjörnsson stjórnandi Blásarasveitar Tónlistarskólans á Akureyri staðfesti á fundinum að Akureyringar bjóða til landsmóts árið 2003.

2. *Umræður um skýrslu stjórnar.*

- Heiðrún Hámundardóttir benti á að Akranes á afmæli árið 2005 og að Skólahljómsveit Akraness hefði hug á að halda landsmótið það ár í tengslum við afmæli bæjarins
- Jón Hjaltason sagði eðlilegt að reykjavík héldi mótið árið 2005 og yrði það samvinnuverkefni allra sveitanna í höfuðborginni.
- Haraldur Árni Haraldsson skýrði frá áhugaÞingeyinga að halda mót annaðhvort árið 2005 eða 2007.
- Tómas Guðni Eggertsson lýsti sömuleiðis áhuga Vestfirðinga á að halda mót í náinni framtíð og benti Guðmundur Norðdal í því sambandi á það að meira sport væri að fara á landsmót út á land en til Reykjavíkur.

- Tómas kom einnig inn á nótnaútgáfu SÍSL og kynningu á því efni til Björns Sagstad með það í huga að koma efninu á markað á norðurlöndunum.
 - Jón kom fram með þá hugmynd að fá Björn til áframhaldandi samstarfs. Sveitirnar á Íslandi eru almennt að verða betri og vill hann fá Björn í framtíðarsamstarf við uppbyggingu þeirra og skipulag. Birgir segir ekkert enn ákveðið með framtíðarsamstarf við Björn en ljóst að vilji er til að skoða það og að mikil ánægja hafi verið með störf Björns.
3. **Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.** Stefán Ómar lagði fram efnahagsreikning SÍSL. Hann leggur til að efnahagsárið verði eitt ár og miðað verði við áramót í framtíðinni, frekar en landsmót. Fjárhagsstaða samtakanna er nokkuð góð þrátt fyrir miklar framkvæmdir á tímabilinu og tilheyrandi útgjöld. Umræða um reikningana varð stutt og þeir samþykktir umyrðalaust.
 4. **Stjórnarkosning.** Þrátt fyrir mikla vinnu fundarstjóra við að útbúa kosningamiða fyrir leynilega kosningu var stjórnin endurkosin með rússneskri kosningu og fór því leyndin fyrir lítið.
 5. **Endurskoðendur** voru einnig endurkjörnir umyrðalaust, en þeir eru Skarphéðinn H. Einarsson og Atli Guðlaugsson.
 6. **Ákvörðun um þáttökugjald næsta tímabils.** Stjórnin leggur til að gjaldið verði óbreytt, 7500 krónur á ári.
 - Jón benti á að gjald í tónlistarskólastjórasamtök væri mishátt eftir fjölda kenndra stunda og finnst eðlilegt að stórar sveitir borgi meira en þær sem fámennari eru.
 - Kári H. Einarsson sá ýmsa annmarka á því hvernig framkvæma eigi slíka skiptingu og við hvað eigi að miða.
 - Ian Wilkinson vill setja 7,500 króna gjald fyrir 40 manna sveit og auka gjaldið um 10% fyrir hverja 10 nemendur umfram það.
 - Kári stakk upp á að eitt gjald væri fyrir A/B sveit og annað gjald fyrir C/D sveit.
 - Skarphéðinn vill hafa eitt gjald og óbreytt frá síðasta tímabili.
 - Gengið var til kosninga um að hafa gjaldið óbreytt og var það samþykkt með 14 atkvæðum. Enginn greiddi atkvæði á móti.

Þegar hér var komið sögu var gert kaffihlé og buðu mótshaldarar upp á veglegt kaffihlaðborð fyrir fundargesti.

7. Önnur mál:

- Stefán Ómar minnti á 5.000 króna keppnisgjald sem hann vildi fá greitt sem allra fyrst.
- Ian þakkar fyrir að hafa fengið leyfi til að taka mótið upp á vídeó og baðst afsökunar á því hafi hann valdið einhverjum truflunum við myndatökurnar.
- Haraldur Árni sagði mótshaldara hafa ákveðið að gefa SÍSL merkið stóra á baki sviðsins. Hægt að nota það á landsmótum framtíðarinnar. Einnig gefa mótshaldarar spjöldin sem sveitirnar báru við mótssetninguna. Að lokum minnti hann á umgengnisverðlaunin og bað menn um að ganga vel um skólana.

- Birgir þakkaði heimamönnum gjafirnar og ræddi um mótssetninguna sem honum fannst gott inlegg og vonast til að hún sé komin til að vera. Í framhaldi af því barst umræðana að tímasetningu landsmótsins. Hvítasunnan setur strik í reikninginn hjá mörgum sveitum vegna ferminga. Nokkrar sveitir sáu sér ekki fært að koma vegna þess. Einnig er grunnskólinn að lengjast fram í júní. Það þarf að vfinna góða tímasetningu fyrir næsta mót og Birgir vill hitta nmótshaldara á Akureyri til að skoða tímasetningu og aðstöðu fyrir mótið.
- Kári vill hafa haustmót. Allt bendi til þess að starfsemi tónlistarskólanna hefjist fyrr á haustin, jafnvel í ágúst og miður október því tilvalin tímasetning og gefi sveitunum gott start. Sömuleiðis sé betra að fá stjórnendanámskeið á haustin, því maður sé svo fullur af hugmyndum eftir námskeiðin sem dofna kannski eithvað í sumarfrúinu. Einnig sé betri tími fyri LÆ á haustin.
- Ian sér ekkert því til fyrirstöðu að skipuleggja vormót framhjá hvítasunnunni. Telur erfitt fyrir litla staði að starta sveit í upphafi vetrar.
- Össur sammála Kára með að hafa haustmót, einnig gagnvart stjórnendanámskeiði. Vill einnig skoða hvort nauðsynlegt sé að hafa LÆ á landsmóti eða hvort heppilegra sé að skera á þau tengsl.
- Birgir ræddi lengingu grunnskólans. Mótshaldarar þurfa að komast inn í grunnskólana fyrir gistiadstöðu og því þurfi að fella niður skóladag til að byrja mót á föstudegi (að hausti til). Spurning með helgi aðliggjandi 1. maí eða öðrum frídegi. Fram kom að Fræðslumiðstöð reykjavíkur gaf eftir dag þegar mótið var haldið í Grafarvogi.
- Jón segir hægt með vilja fræðslufirvalda að skipuleggja starfsdag þennan dag.
- Guðmundi list vel á haustmót. Sagðist hafa viljað sjá fleiri stjórnendur á námskeiðinu hans Björns og vill einnig sjá LÆ á föstum basis.
- Jón vill biðja stjórnina að gera ályktun vegna kjarasamninga og skora á sveitarstjórnir að ganga strax til samninga.
- Haraldur Árni var tilbúinn með aðra ályktun sem beint er til menntamálaráðherra og rektors Listaháskóla Íslands og varðar menntun blásarakennara. Fundarstjóri las ályktunina upp og fylgir hún með fundargerðinni.
- Edward Frederiksen vildi vita hvaða upplýsingar hefðu komið frá Listaháskólanum.
- Haraldur Árni svaraði því til að ekki væri gert ráð fyrir kennaradeild, einungis hljóðfæraleikaradeild með kennslufræði sem valgrein.
- Edward vildi einnig vita um stærð tónlistardeildarinnar, hvort hún myndi nægja til að halda úti hljómsveit (sem hann reyndar efaðist um)
- Jón telur bæði skólann og rekstrarformið vera tímaskekkju.
- Edward vill ekki hafa kennaradeild í listaháskólanum
- Lilja Valdimarsdóttir telur að fólk eigi að fá tækifæri til að mennta sig erlendis, en vill jafnframt að tónlistarháskólinn sé ókeypis eða mjög ódýr.
- Össur sagðist sammála Haraldi Árna og Edward. Vill hafa BLKD áfram í Tónlistarskólanum í Reykjavík.
- Haraldur Árni vill kennaradeild sem útskrifar kennara með háskólagráðu.
- Tómas Guðni sagði frá námi sínu í Glasgow þar sem var góð blásarakennaradeild. Telur það góðan skóla til að taka viðmið af við uppsetningu slíkrar deildar hér.
- Kári tók undir það og sagði kost að fá skipulag slíkrar deildar frá öðrum skólum, óþarfi sé að finn hjólið upp aftur.

- Tómas Guðni sagðist hafa kynnt sér málin í Glasgow af gaumgæfni og talað við Hjálmar H. Ragnarsson í framhaldi af því og boðið fram aðstoð sína og tengsl við skólann ytra en að því hafi ekki verið sinnt.
- Haraldur Árni tók undir að óþarfi væri að finna hljóðil upp aftur. Til væru “módel” frá útlöndum sem hægt væri að byggja á og einnig væri til mikil þekking innan SÍSL og víðar sem hægt væri að nýta.
- Skarphéðinn segir ekki skipta máli hvort kennari hafi háskólapróf eða ekki, hann verði bara að geta kennt.
- Ályktunin var lesin upp að nýju og borin undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.
- Ályktun vegna kjarabaráttu. Fundurinn samþykkti að beina því til stjórnar að gera ályktun um samingaviðræður við tónlistarskólakennara. Harma beri seinagang samningarnefndar sveitarfélaganna og senda í blöðin og til sveitarfélaganna.
- Hjálmar Sigurbjörnsson kom fram með þá hugmynd að gera “Dag SÍSL” að frídegi í skólunum
- Haraldur Árni benti á í sambandi við ályktun um kjaramál að milljónir króna hafi verið settar í rekstur tónlistarskólanna, kostnað vegna forskóla og byggingar húsnæðis. Vilja menn skilja þetta eftir autt þegar tónlistarmenn fara í önnur störf?
- Lilja benti á að tónlistarkennarar væru að hrynja úr stéttinni vegna lélegra kjara.
- Kári noatðai tækifærið til að þakka fyrir gott mót. Ræddi um nýjungar við mótssætningu og keppnina. Sagði þetta frábært framtak og vill halda mótinu áfram í þessu formi, þar sem menn geta valið hvort þeir vilja taka þátt í keppninni sem hann sagði gott vopn til að hvetja krakkana áfram.
- Haraldur Árnisagðist hafa verið talsmaður keppni síðan 1983 og að hún væri gott tæki fyrir stjórnendur.
- Ian vildi einnig koma á framfæri þökkum til Björns Sagstad fyrir námskeiðið.
- Birgir sagði frá viðræðum sínum við Björn vegna keppninnar. Getuskiptingin í A-B-C og D sveitir getur leitt okkur í næstu tilraun með keppni. Hugsanlega ætti að vera með tvö skyldustykki fyrir næstu keppni, eitt auðvelt fyrir yngri deildina og annað erfiðara fyrir eldri deildina. Hann þakkaði síðan fyrir mótið og það traust sem stjórninni var sýnt með endurkosningu.
- Össur þakkaði fyrir vel skipulagt mót og gæði keppninnar. Ljóst að tónleikarnir voru teknir mun alvarlegar nú en áður og við losnuðum við all óþarfa ráp og annað ónæði.
- Lilja ítrekar að hún sé á móti því að hafa keppni í hljóðfæraleik.
- Edward forvitnaðist um útreikning stiganna í keppninni.
- Össur svaraði því til að stjórnin hefði lagt það alfarið í hendur Björns og ekki skipt sér af því á neinn hátt.
- Edward telur að það þurfi að liggja ljóst fyrir áður en aftur verður haldið í keppni hvað liggja að baki einkunnagjöf.
- Össur ræddi um keppnina og sagði að rennt hefði verið blint í sjóinn með hana, en nú sé komin reynsla sem hægt er að byggja á til framtíðar.
- Að því loknu þakkaði Skarphéðinn gott mót og góða fundarsetu og sleit fundi.

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn hjá Skólahljómsveit Kópavogs
þriðjudaginn 19. júní 2001, kl. 13.30

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson,

1. **Aðsent efni.** Nýtt tölublað af Musikanten, málgagni Sveriges Orkesterförbund.. Meðal efnis grein um uppbyggingu Sundsvall Blåsorkester.
2. **Þakkir.** Birgir þakkaði stjórninni fyrir gott samstarf undanfarin ár.
3. **Aðalfundurinn.** Birgi fannst aðalfundurinn ekki hafa verið jafn málefnalegur og æskilegt væri. Saknar umræðu um nótnaútgáfu og störf stjórnarinnar.
4. **Landsmótið.** Stjórn SÍSL færir mótshöldurum, Karen Sturlaugsson og Haraldi Árna Haraldssyni og öðrum þeim sem að undirbúningi mótsins komu sérstakar þakkir fyrir mjög vel undirbúið mót, gott skipulag og góða framkvæmd. Formleg mótssetning er athöfn sem heppnaðist vel og er vonandi komin til að vera. Skipting í þrenna tónleika kom vel út, gott hljóð var meðal áhorfenda og hlustun. Ónæði af rápi mótsgesta var í lágmarki. Keppnin gekk vel fyrir sig, góð hlustun og mikill fjöldi áhorfenda, eins og á öllum hinum tónleikunum. Keppnin sannaði sig og er komin til að vera. Nauðsynlegt er þó fyrir okkar litla land að fá utanaðkomandi, erlenda dómara í hverja keppni. Rætt um að gera bikar/viðurkenningarskjöld fyrir næstu keppni. Gistingin var í góðu lagi og maturinn fínn. Afgreiðsla matarins gekk mjög vel og gott að skipta því á milli skólanna/gististaðanna. Armbandakerfið virkaði vel. Dagskrá utan tónleika var einnig fín, diskó og vídeó á gististöðum. Höfum engar upplýsingar um kvöldvökuna. Mighty Garreth var fínn á sunnudagsmorgninum. Hins vegar var ekki alveg klárt með spilamennskur í upphafi mótsins, staðsetningar og tímasetningar. Hefði hugsanlega þurft að senda þær upplýsingar út fyrir mótið, eða fá mann frá mótshöldurum inn í rútuna þegar komið var í hlað til að fylgja sveitunum í skráninguna og á fyrstu tónleikana.
5. **Lúðrasveit Æskunnar.** Birgir saknar þess að eiga ekki upptöku af Suite Arktica og hinum verkunum sem LÆ flutti á landsmótinu. Vill reyna að stefna á upptöku af þessum verkum síðar. Rætt um hvort slíta eigi LÆ úr samhengi við landsmót og hvort hægt sé að festa hana við einhvern atburð í þjóðlífinu, listahátíð, setningu Alþingis o.s.fr. þar sem sveitin yrði sýnilegri og á hærri “stalli” en hún er í dag, enda á hún það fyllilega skilið. Ekki er nauðsynlegt að fá erlendan stjórnanda í hvert skipti, en þegar svo er mætti hugsa sér að hann færi á æfingar hjá skólahljómsveitunum og gæfi þar góð ráð. Hvenær er heppilegt að æfa sveitina og hvar ættu þær æfingar að fara fram? Ætti að fara með æfingarnar út á land t.d. í páskafríinu og halda tónleika á skírdag? Vera Björns Sagstad skilur eftir margar spurningar en hefur einnig gefið okkur

ákveðið púst. Rætt var um rekstur LÆ, samskiptaleiðir milli stjórnar, framkvæmdastjóra og hljóðfæraleikara og hvernig mætti bæta þær fyrir næstu lotu. Stjórn SÍSL færir Þorleiki Jóhannessyni kærar þakkir fyrir mikla vinnu við undirbúning og framkvæmdastjórn námskeiðsins og vonar að framhald verði á samstarfinu. Rætt um prufuspilið og hvort þörf sé á því að láta þá sem eru í sveitinni prufuspila aftur. Eðlilegt að næst verði sendar út nótur til þeirra sem ætla að prufuspila svo allir spili það sama. Einnig þarf að samræma hæfniskröfur og tónstigakröfur. Ákveðið að stefna að LÆ námskeiði um næstu páska. Hugmyndin er að halda það á Akureyri og ætlar Birgir að ræða við Guðmund Óla að taka að sér stjórnun á námskeiðinu. Rætt um að koma á fót “degi lúðrasveitanna” í samvinnu við SÍL og gera eitthvað úr þeim degi, t.d. að marsera niður Laugavegin.

6. **Peningamál.** Búið er að gera upp við Björn Sagstad og ganga frá greiðslu fyrir gistingu hans og upphald. Enn á eftir að gera upp vegna blómakaupa og ganga frá greiðslum til Eiríks Arnar Pálssonar, Jóns Björgvinssonar og Þorleiks Jóhannessonar. Aðstaðan í Hafnarfirði var frí. Eftir á að gera upp við Tónastöðina vegna nótnakaupa og styrks. Niðurstaðan er sú að SÍSL greiðir 15,000 af tæplega 60,000 króna nótnareikningi og 45,000 króna mismunurinn reiknast sem styrkur Tónastöðvarinnar til LÆ. Einnig eru ennþá útistandandi námskeiðsgjöld vegna stjórnendanámskeiðs og keppnisgjöld.
7. **Næsta landsmót.** Kanna þarf með tímasetningu og ákveðahvort mótið verður haldið að vori eða hausti. Athuga með verkefni, einhver lög sem standa Akureyringum nærri. Spurning hvort LÆ verður með á mótinu og einnig þarf að athuga með keppnina, framkvæmd hennar og staðsetningu.
8. **NoMU.** Næsta þing er í september og fer Birgir á það. Þessi haustfundur tengist stærra þingi og má búast við merkjum niðurstöðum á því. Samþykkt var að SÍSL leggði fram 15,000 krónur fyrir Sturlaug Björnsson vegna þátttöku hans í úrvalssveit NoMU sem æfir í Hjórring á Jótlandi fyrstu vikuna í júlí. Á móti kemur framlag NoMU upp á 1,000 NKR sem greiðist til baka í ágúst. Þetta er sambærilegt við stuðning SÍL til sinna félagsmanna.
9. **Kynningarmál.** Össur sagði frá landsmóti austurrískra lúðrasveita og vill að fleiri íslenskar sveitir nýti sér þetta mót sem haldið er fyrstu helgi í júní ár hvert. Í framhaldi af því var rætt um hljómsveitarmótið í Gautaborg, landsmót þýskra lúðrasveita og fleiri mót sem ástæða er til að kynna fyrir félögum í SÍSL. Einnig þarf að safna upplýsingum um það hvað ber að varast í tónleikaferðum. Ákveðið að taka þetta upp á næsta fundi sem haldinn verður 29. ágúst kl. 13,00 í Hafnarfirði.

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn í Varmárskóla
miðvikudaginn 3. október kl. 9,30.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson,

1. **Fundargerðir.** Farið yfir fundargerðir síðustu funda og aðalfundar. Helstu punktar:

- Landsmót; afgangur og frágengið.
- LÆ; þarf að afgangur, endurskipuleggja og undirbúa næsta námskeið. Boða Þorleik á næsta fund og jafnvel Karen og Kára til að gera upp síðasta námskeið og undirbúa framtíðina. Birgir heyrði í Helga og Hjálmari á Akureyri sem höfðu ákveðnar hugmyndir um stjórnendur, bæði frá Skotlandi og Noregi. Þetta verður tekið upp síðar með þeim.
- Peningamál; flest uppgert. Eftir er að þakka Tónlistarskóla Hafnarfjarðar fyrir aðstöðu og hljóðfæri. Flest félagsgjöld uppgert. Nokkur námskeiðs og keppnisgjöld óuppgert frá því í vor. SÍSL er upprétt eftir þessar stóru aðgerðir, með um 2-300 þús. í plús þegar öll félagsgjöld hafa skilað sér.
- Nótnaútgáfa. Þarf að fara að huga að einföldu efni til útgáfu.
- Eftir er að gera ályktun um kjarasamningana og senda sveitarstjórnunum. verður gert á næstu dögum
- Birgir vill gera formlegri viðurkenningar til þeirra sem tóku þátt í hljómsveitarkeppninni í vor.

2. **Næsta mót.** Birgir hitti Hjálmar á Akureyri fyrir skömmu. Skoðaði aðstöðu, mótstað, gistingualeika og annað. Góð aðstaða þar sem gistiskólar, sundlaug og tónleikahús (íþróttahús) er allt á sama reitnum. Tímasetningin er höfuðverkur. Erfitt að koma mótinu fyrir á skólatíma þar sem það kallar á að gefið sé frí í gistiskólum föstudag í landsmóti. Lenging skólans til 10. júní er einnig steinn í götu okkar. Þarf að huga strax að samvinnu við skólayfirvöld.

3. **Heimasíðan.** Stefán Ómar ætlar að ýta við Atla Tý umsjónarmanni síðunnar og sjá til þess að hún komist í gagnið fyrir áramót.

4. **Næsti fundur.** Boða SÍL með á þann fund og ræða dag íslenskra lúðrasveita, útgáfumál og norrænt samstarf.

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn í húsnæði Skólahljómsveitar Kópavogs
þriðjudaginn 6. nóvember 2001 kl. 10,00.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson,

1. **Heimasíðugerð.** Er að verða aðkallandi að koma heimasíðu samtakanna á netið. Stefán Ómar talar við höfund síðunnar og ítrekar að síðan komist í gagnið sem fyrst. Nauðsynlegt er að ritari SÍSL hafi aðgang að síðunni svo hægt sé að breyta texta og bæta við milliliðalaust. Rætt um að hætta að senda fundargerðirnar út í pósti eins og tíðkast hefur hingað til og snúa sér að tölvusamskiptum. Fundargerðir verði aðgengilegar á heimasíðunni.
2. **Sendibréf.** 1) Birgir gerði grein fyrir bréfi sem SÍSL sendi til sambands sveitarfélaga með áskorun um að semja við tónlistarskólakennara hið fyrsta. 2) Svarbréf barst frá Menntamálaráðuneytinu vegna erindis SÍSL um menntun tónlistarskólakennara. 3) Bréf barst frá menntamálaráðuneytinu vegna umsóknar SÍSL um rekstrarstyrk fyrir næsta ár. Í framhaldi af því urðu talsverðar umræður um reikninga samtakanna, nótnaútgáfuna og fjárhagsáætlun. Ákveðið að sækja ekki um styrk að sinni en miða við að sækja næsta haust.
3. **Nótnaútgáfan.** Rætt um eftirtaldar útgáfur: 1) *Jólaög* fyrir byrjendur til útgáfu næsta haust. 2) *Annað efni*, veraldlegt til útgáfu á vorönn 2002. Miðað er við útsetningar sem nýtast 1. – 2. árs nemum í ýmiskonar samspilshópum, allt frá fjórum – fimm röddum upp í fulla hljómsveit. 3) *Útsetningar* eftir Herbert H. Ágústsson hafa verið til athugunar hjá SÍSL en þykja of erfiðar miðað við þá stefnu SÍSL að horfa sem mest til byrjenda. Athuga mætti með samvinnu við SÍL með þessar útsetningar. 4) *Frum samið efni*. Birgir telur tímabært að huga að frumsömdu efni fyrir skólalúðrasveitir. Miða skuli eftir sem áður við byrjendur. Leggur til að Össur athugi með að semja slíkt efni.
4. **Næstu fundir.** Næsti fundur sunnudaginn 11. nóv. með SÍL í húsnæði Lúðrasveitarinnar Svans. Fundarefni NoMU og Samnam fundurinn í Askov í haust og sameiginleg nótnaútgáfa SÍL og SÍSL Þarnæsti fundur þriðjudaginn 13. nóv í Hafnarfirði.

Fundi slitið kl. 11,30

Össur Geirsson
ritari

Samráðsfundur SÍSL og SÍL,

haldinn hjá Lúðrasveitinni Svan, Lindargötu 48
sunnudaginn 11. nóvember 2001 kl. 10,00.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson frá SÍSL, og Vilborg Jónsdóttir, Atli Týr Ægisson, Björn Bergsson og Jón Ingvar Bragason frá SÍL.

- NoMU fundur.** Birgir gerði grein fyrir NoMU og SAMNAM fundinum í Askov í september síðastliðnum. Þar var hann sem fulltrúi SÍL og SÍSL, ásamt fulltrúum frá samtökum barnakóra (Hildur Jóhannesdóttir) og samtökum blandaðra kóra á Íslandi (Garðar Cortez). Í Askov er gamall lýðháskóli sem er að daga uppi og eru dönsku áhugatonlistarmannasamtökin að kaupa hluta bygginganna sem aðstöðu til æfingabúða o.s.frv. Margir salir, mötuneyti o.fl. Þarna er möguleiki á aðstöðu fyrir íslenskar sveitir á ferð um Danmörku.
 - NoMU fundurinn:** Nordiske Blåsersymfonikere námskeiðið verður haldið í Lahti í Finnlandi næsta sumar. Umræður voru um breytt fyrirkomulag á þessu námskeiði fyrir árið 2003, m.a. vegna vandkvæða með fjármögnun. Á fundinum var rætt almennt um fjárframlög ríkis og bæjar til hljómsveita og kóra á Norðurlöndum. Ríkið leggur lítið til svona hluta á Íslandi, en sveitarfélögin reka skólahljómsveitirnar. Ríki og borg leggja smáaura til SÍL og lúðrasveita í Reykjavík. Mætti athuga með samvinnu við kórasamtökin við að gera könnun á fjárstreymi til hópanna og þrýsta á menntamálaráðherra um meiri fjármuni í þetta starf. Birgir gerði síðan stuttlega grein fyrir starfinu í hverju landi.
 - SAMNAM.** Birgir sagði þátttöku okkar í NoMU og SAMNAM vera mikilvæga og jákvæða. Skila þarf inn upplýsingum um fjármögnun lúðrasveita á Íslandi. Vilborg og Össur taka það að sér f.h. SÍL og SÍSL. Hann vill athuga með að boða fund með öðrum áhugafélögum á Íslandi (kórar, harmonikkufél. o.s.fr.) og stofna regnhlífasamtök. Í framhaldi af því kom fram hugmynd um að sækja eftir húsnæði í nýju tónlistarhúsi fyrir aðstöðu fyrir starfsmann slíkra samtaka.
- Nordens Blåsersymfoniker.** Rætt almennt um málefni NB. Fundarmenn samþykkir því að skilyrði þess að komast í NB sé að vera virkur félagi í lúðrasveit innan SÍL eða SÍSL. Ekki sjálfgefið að þeir sem hafa komist einu sinni að fái sjálfkrafa að fara aftur. Rætt um umsóknir og hvernig best væri að haga þeim. Ljóst að stjórnendur/formenn lúðrasveita beri svolitla ábyrgð á að auglýsa

verkefnið og hvetja til þátttöku þá sem erindi eiga í svona sveit. Þarf einnig að koma þessu meira á framfæri í fjölmiðlum.

3. **Dagur íslenskra lúðrasveita.** Stefán Ómar ítrekaði þá hugmynd sína að haldinn yrði dagur lúðrasveitarinnar á hverju ári. Hljómsveitir á höfuðborgarsvæðinu gætu safnast saman og marserað niður Laugaveg, haldið tónleika um víðan völl og sameiginlega tónleika á Ingólfstorgi. Hljómsveitir í öðrum landshlutum gætu safnast saman í einhverju bæjarfélagi og gert eitthvað svipað eða haldið upp á daginn í sínum heimabæ. Hugmynd kom fram um að halda þennan dag árlega á laugardeginum fyrir sjómannadag.
4. **Heimasíður.** Músík og saga er að gera könnun fyrir menntamálaráðherra um miðlun upplýsinga tónlistarefnis á netinu. Var m.a. leitað til SÍL sem skilaði spurningalistanum skilmerkilega. Heimasíða SÍSL er í vinnslu og verður tilbúin á þessu ári.
5. **Nótnaútgáfa.** Vilborg gerði grein fyrir útgáfu á efni sem Össur hefur útsett. Þetta efni hefur verið lengi í vinnslu en er nú komið í prentsmiðju. Össur sýndi einnig aðrar útsetningar sem hann hefur unnið á undanförunum árum, bæði fyrir lengra komnar sveitir og byrjendur. Ítrekaður sá áhugi félaganna að setja pening í að endurgera og gefa út gamlar útsetningar sem til eru í handritum hjá ýmsum lúðrasveitum á landinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12,15.

Össur Geirsson
ritari.

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn á Urðarstíg 10

þriðjudaginn 13. nóvember 2001 kl. 10,00.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson. Einnig sat Atli Týr Ægisson hluta fundarins.

1. **Verkfallsáhyggjur.** Talsverður tími fór í að fjalla um yfirstandandi verkfall tónlistarkennara og þau áhrif sem það hefur á starfsemi skólalúðrasveitanna í landinu.
2. **Skipulag.** Rætt var vítt og breitt um skipulag skólalúðrasveita og þá sérstaklega þeirra sem reka eigin tónlistarskóla. Skipulagið er greinilega misjafnt og athugandi hvort vilji er fyrir því að samræma það á einhvern hátt. Allavega væri gott ef menn hittust og bæru saman bækur.
3. **Fjármál.** Stefán Ómar sýndi reikninga starfsársins 1999-2000. Til stendur að breyta rekstrarárinu og miða það við áramót. Hægt verður að nota reikningana sem grunn að fjárhagsáætlun, en vantaði nánari upplýsingar um ýmis atriði. Stefán Ómar kemur með þær á næsta fund.
4. **Heimasíða.** Atli Týr Ægisson höfundur heimasíðu SÍSL kom á fundinn til spjalls og ráðagerða. Össur er tilbúinn með þær upplýsingar sem fara eiga á síðuna og Atli Týr stefnir að því að síðan verði komin upp þann 1. desember. M.a. verða fundargerðir stjórnarfunda birtar á síðunni og verður í framhaldi af því hætt að senda þær út í pósti.
5. **Nótnaútgáfa.** Stefnt er að því að koma út pakka í janúar/febrúar 2002 með léttum útsetningum fyrir byrjendur. Næsta haust er ráðgert að senda út einföld jólalög sem nýtast yngstu hljóðfæraleikurunum.

Fundi slitið kl. 11,30

Össur Geirsson

ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn í húsnæði Skólahljósveitar Kópavogs
mánudaginn 3. desember 2001 kl. 10,00.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson.

- Heimasíðan.** Síðan er nokkurn vegin tilbúin en vantar aðgangsorð og númer frá Margmiðlun til að geta sett síðuna á netið. Ýta þarf við vefstjóra og koma síðunni á netið sem fyrst. Samþykkt að fundargerð þessa fundar yrði sú síðasta sem færi út með venjulegum pósti, í framtíðinni verða fundargerðir einungis á heimasíðunni. Í framhaldi af því væri gott að fá netföng bæði hjá lúðrasveitunum sjálfum og stjórnendum þeirra (og skólastjórum?) svo hægt sé að senda tilkynningar skjótt og vel til félagsmanna. Einnig er ástæða til að benda mönnum á að það er ekkert mál að gera heimasíðu og gaman væri að sem flestar skólalúðrasveitir kæmu sér upp einni slíkri. Í dag veit undirritaður bara um heimasíðu Skólahljósveitar Kópavogs (<http://skolahljomsveit.kopavogur.is>) og að Skólahljósveit Grafarvogs er með síðu á vef Reykjavíkurborgar á <http://www.reykjavik.is/midgardur.nsf/pages/skolahlj.htm>.
- Þakkarbréf.** Birgir setti stafina sína undir þakkarbréf til Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og Gunnars Gunnarsonar skólastjóra fyrir að lána endurgjaldslaust húsnæði skólans og hljóðfæri fyrir námskeið Lúðrasveitar Æskunnar í vor og síðasta vetur. Stefán Ómar afhendir Gunnari bréfið.
- Skráning í símaskrá.** Mikil umræða varð um þetta mál og niðurstaðan er þessi:
 - Samtök íslenskra skólalúðrasveita (SÍSL)
Birgir D. Sveinsson formaður 566-6174
Netfang: sisl@sisl.is
Veffang: <http://sisl.is>

Stefán Ómar tekur að sér að ganga frá skráningunni. Þetta er þó með þeim fyrirvara að eftir er að skrá netfangið, en það ætti ekki að vera vandamál.
- Peningamál.** Farið yfir stöðuna í peningamálum og árið gert lauslega upp. Flest allt uppgert og frágengið. Vantar nokkur gjöld frá stjórnendanámskeiðinu og eftir er að gera upp við Þorleik vegna LÆ.

5. **LÆ.** LÆ er stærsti einstaki útgjaldaliður SÍSL. Eðlilegt þykir að sem flestir fái að njóta þess að komast í hana. Uppistaðan hefur reyndar verið úr 3 – 4 sveitum undanfarin ár, en umsóknir hefur vantað frá fleiri lúðrasveitum og sveitarfélögum. Rætt hvort SÍSL geti greitt ferðastyrk fyrir þá sem eiga lengra að. Setja þarf vinnureglur og verksvið framkvæmdastjóra. Bæta þarf samskiptaleiðir við stjórnendur og nemendur LÆ. Erfitt reynist að finna heppilegan tíma fyrir LÆ námskeið á vorönninni, þar sem mars mánuður er væntanlega þéttsetinn tónleikum skólalúðrasveita, apríl er erfiður vegna páska og ferminga og maí vegna prófa í grunn- og framhaldsskólum. Upp kom sú hugmynd að hafa LÆ sem sumarnámskeið, t.d. frá fimmtudegi til sunnudags helgina eftir 17. júní.

6. **Nótnaútgáfa.** Ákveðið að selja þeim sem hug hafa á, verk Páls P. Pálssonar “Suite Arktica II” á kr. 5,000. Áhugasamir ættu að hafa samband við Össur á skolahljomsveit@kopavogur.is. Þetta verk verður ekki sent til hljomsveitanna heldur verða menn að bera sig eftir því.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl. 12,00

Össur Geirsson
ritari